

Öxarfjarðarskóli



Deildarnámskrá leikskólastigs

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Deildarnámskrá leikskólastigs Öxarfjarðarskóla	3
Markmið leikskólastigs Öxarfjarðarskóla	3
1. Að efla félagsfærni barnanna	3
2. Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar	4
3. Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt	4
Matstæki	5
Námssvið leikskóla	5
Læsi og samskipti	6
Sjálfbærni og vísindi	10
Heilbrigði og vellíðan	15
Sköpun og menning	18
Heimildir	22

Deildarnámskrá leikskólastigs Öxarfjarðarskóla

Aðalnámskrá leikskóla, lög um leikskóla og skólastefna Norðurlands er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Þessi námskrá er útfærsla skólans á þeim og sýnir hvernig skólinn leggur fram helstu leiðir, markmið og mat í starfi sínu.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

1. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
2. veita skipulega málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku,
3. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
4. stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
5. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
6. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.

Markmið leikskólastigs Öxarfjarðarskóla

1. Að efla félagsfærni barnanna
2. Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar
3. Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt

1. Að efla félagsfærni barnanna

Lífið í leikskólanum snýst að miklu leyti um samskipti. Þegar kemur að félagslegri færni og hæfileikanum til að eiga samskipti við aðra en sína nánustu, þá eru það samskipti við jafnaldra, sem talin eru hafa mest að segja. Ung börn læra með því að vera virk, með því að læra af eigin reynslu og í gegnum samskipti við aðra. Barnið þarf að fá jákvæð viðbrögð frá umhverfinu bæði öðrum börnum og fullorðnum, og skilaboð um að það sé einhvers virði til að geta byggt upp jákvæða sjálfsmynd. Samhliða því sem barnið er háð umhverfi sínu þá er það einnig með í að hafa áhrif á viðbrögð hins fullorðna. Barnið er á þann hátt virkt í að skapa sína eigin sjálfsmynd, þetta er ákveðin víxlverkun. Það að geta sett sig í spor annarra, eignast vini og hvernig því semur við önnur börn eru mikilvæg atriði. Barnið er í eðli sínu félagsvera og það er því nauðsynlegt að vera í félagslegum samskiptum. Í gegnum félagsmótun þróar barn hæfni til að tengjast öðrum jafnframt sem það þróar eigin sjálfsmynd.

Leiðir að markmiðinu:

- Að styðja við samskipti barna í leik þeirra.
- Leikskólakennarinn þarf að vera fyrirmynd að æskilegri hegðun.
- Að veita barninu öryggi, með því að hafa reglu á hlutunum, en samt sveiganleika.
- Að leggja áherslu á að örva alla þroskaþætti barnsins.
- Leikskólakennarinn þarf að vera þátttakandi eða styðjandi í leik barna án þess að vera beinn stjórnandi.

- Leikskólakennarinn þarf að gefa börnunum tækifæri til að leysa eigin vandamál.

Mat

- Náamssögur
- Uppeldisfræðileg skráning/örsögur

2. Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar

Að taka hönd um heilsu barna er á ábyrgð hinna fullorðnu. Reynslan segir okkur að þeir sem snemma á ævinni hafa stundað hreyfingu og útivist muni byrja aftur á því á fullorðinsárum, þótt þeir hafi haft áhuga á öðru sem unglingar. Börn þurfa gott rými til að þau geti hreyft sig frjálstlega, bæði utanhús og innanhús. Hreyfing eflir hugann, enda er Norðurþing *heilsueflandi samfélag* eins og segir í skólustefnu Norðurþings 2020-2025. Dagleg hreyfing er börnum og unglingum nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt, þroska og andlega vellíðan. Hún er sameiginlegur leikur sem skapar meðal annars tækifæri til að þjálfa hreyfifærni, auka félagslega færni, eignast vini og efla sjálfstraust. Embætti landlæknis mælir t.d. með að þriggja til sex ára börn stundi hreyfingu minnst í 1 klukkutíma á dag. Kyrrseta ætti ekki að vera meiri en 1 klukkutími hverju sinni (nema þegar börn sofa).

Leiðir að markmiðinu:

- Að hafa fasta tíma í íþróttahúsi, það skapar öryggi og verður að vana eða hefð.
- Að fara í móana og fjöruna sem gefur möguleika á fjölbreyttri hreyfingu.
- Þar sem börnin eru á misjöfnum aldri, er hópnum stundum skipt í tvennt; þau eldri eiga kost á lengri gönguferðum heldur en þau yngri.
- Að kenna börnum t.d. hreyfileiki, því að með þeim má m.a. læra reglur og æfa félagslega færni.
- Að ræða við börnin og kenna þeim ýmis hugtök til að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum (málrækt).
- Að æfa fín-hreyfingar, samhæfingu augna og handa, t.d. þegar barnið vinnur að listsköpun. Í listsköpun mála börnin t.d. á mis stóran pappír. Þau nota fína og grófa pensla til að æfa mismunandi fínar hreyfingar.
- Með því að nýta leiksvæði á nýjan hátt, er hægt að verða meira meðvitaður um hvaða möguleika leiksvæðið býður uppá. Til dæmis að vegasaltið verður að jafnvægisslá, eða kanturinn í kringum sandkassann til að efla jafnvægisskyn.
- Fara með börnin í skóginn og klifra í trjám. Í fjörunni er hægt að stikla á steinum til að æfa jafnvægi.
- Dansa við tónlist, syngja og hreyfa sig í takt við tónlistina.

Mat

- Stuðst er við matslista í AEPS Hefti II (fín- og grófhreyfingar).
- Ráðleggingar um hreyfingu barna frá Embætti landlæknis.

3. Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt

Með tíðum vettvangsferðum í nánasta umhverfi Öxarfjarðarskóla er hægt að efla umhverfismennt og hreyfingu leikskólubarna. Þá er hægt að skoða, rannsaka og læra að þekkja umhverfið og náttúruna. Í þessu samhengi er hugtakið umhverfismennt notað m.a.

sem það að vekja áhuga barna á umhverfinu og náttúrunni, að geta greint mismunandi tegundir úr plöntu- og dýraríkinu. Að læra að greina umhverfishljóð í náttúrunni, upplifa og læra mismunandi hugtök sem tengjast veðurfari og ekki síst að læra að fara vel með umhverfi sitt.

Leiðir að markmiðum:

- Að fara í vettvangsferðir á öllum árstímum og nota mismunandi veður til gönguferða
- Að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri sem þau mæta og upplifa í vettvangsferðum
- Að skoða og ræða um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr
- Kenna börnum að tína rusl og flokka
- Afla efniviðar í vettvangsferðum sem er svo nýttur til dæmis í myndsköpun
- Börnin teikna myndir úr ferðunum (myndsköpun)
- Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum (þannig þróast skilningur)
- Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar og gróður
- Syngja með börnunum ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna

Mat

- Geta greint og sagt frá ýmsar plöntu- og dýraheitum, greint spor í mold og snjó (eftir til dæmis kindur, hesta, mýs, fugla)
- Þegar barn t.a.m. velur frekar að fara í vettvangsferð fremur en að vera á leikskólavellinum, það sýnir forvitni þegar bent er á ýmis spor í náttúrunni, spyr að eigin frumkvæði um plöntuheiti, bendir á rusl.
- Örsögur

Matstæki

Ýmis skimunartæki eru notuð í Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla svo sem:

- HLJÓM-2 mat á hljóðkerfisvitund
- MIO skimun í stærðfræði
- AEPS matslisti (fín- og grófhreyfingar).
- Verkfærakista frá Vöndu Sigurgeirsdóttur „Forvarnir og samskipti“
- Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda

Námssvið leikskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í maí 2011, er yfirlýst menntastefna byggð á eftirfarandi grunnþáttum:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Námssvið leikskólans samkvæmt Aðalnámskrá leikskólans frá maí 2011 eru eftirfarandi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Í almennum hluta skólanámskrár Öxarfjarðarskóla gerir skólinn ítarlega grein fyrir útfærslu skólans á grunnþáttum menntunar á leik- og grunnskólastigi en námssvið leikskóla eru einnig grundvölluð af grunnþáttunum. Hér að neðan er gerð grein fyrir markmiðum, leiðum og mati leikskólastarfsins með áherslu á grunnþættina og námssviðin.

Læsi og samskipti

Samkvæmt aðalnámskrá (2011) ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Lífið í leikskóladeildinni fjallar að miklu leyti um samskipti. Að efla félagslega færni barna snýst m.a. um að börnin verði læs á boðskipti; yrt og óyrt í samskiptum. Félagsþroski barna örvast í félagslegu samhengi og í samspili við umhverfið. Hinn félagslegi leikur, þykjustu- og hlutverkaleikir, er mikilvæg leið barna til að læra og öðlast reynslu. Starfsmenn leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla hafa það hlutverk að fylgjast með og taka þátt í leiknum án þess að stjórna honum. Þeir hvetja og þjálfar börn í leik og kenna börnum að verða læs á boðskipti. Hlutverkaleikir eru einnig mjög háðir færninni til að tjá sig. Það er samtalið sem heldur uppi leiknum. Að efla félagsfærni barnanna, er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla. Samskipti eru afar mikilvæg, vegna þess að með þeim þróa maður félagslega færni, sem er undirstaða til að fá að vera með, eignast vini, verða hæfur sjálfstæður einstaklingur sem virkar vel í hópi.

Börn læra ritmálið eins og talmálið og kynnast því með því að taka þátt í samskiptum við aðra. Í daglegum samverustundum þar sem verið er að leika sér með málið í söng, rími, þulum, þar sem hlustað er eftir hljóðum og stafir skoðaðir, í tjáningu og frásögn, í samtölum og þegar sögur eru lesnar. Þetta eru dæmi um hvernig læsi fléttast inn í skólustarfið og hvernig börnin öðlast reynslu í bernskulæsi. Í daglegum athöfnum, gegnum leik og starf, skapast mörg tækifæri til að efla mál barna. Í *samtölum* fullorðinna og barna þjálfast hlustun og frásögn, hugtök fylgja athöfnum, tilfinningum og reynslu. Hlutverk hins fullorðna er að gefa sér tíma til samræðna, sýna þolinmæði, áhuga, vera hvetjandi og leiða börnin áfram í samtalinu. Ung börn læra ekki orð og skilja þau bara með því að heyra þau. Þau þurfa einnig

að fá reynslu af orðinu í notkun, að kynnast orðinu í mismunandi samhengi, að styrkja málmeðvitund barna og að þróa vinnubrögð og skapa umhverfi sem leggur áherslu á frumpætti móðurmálsins: **Hlustun, tal, lestur og ritun.**

Með hugtakinu málmeðvitund er átt við hljóðkerfisvitund, málfræðivitund, merkingafræðivitund, setningarfræðivitund og málnotkunarvitund.

Þegar litið er til fyrirbærisins tungumál, er fernt sem þarf að hafa í huga:

Innihald: Skilningur, merkingafræði.

Form: Beygingafræði, setningafræði, hljóðkerfisfræði.

Notkun: Boðskipti sem eiga við í það og það skipti.

Hljóðkerfisvitund: Að barnið gerir sér grein fyrir hvernig töluð orð eru byggð upp hljóðfræðilega. Að tungumálið hefur form, það skiptir málið hvað er sagt og hvernig það er sagt.

Kalla má þetta einingar tungumálsins, þær skarast og þær eru undirstöðupættir fyrir málmeðvitund. Að verða **læs**, felur í sér að skilja og ráða við færni sem byggist á frumpáttum móðurmálsins. Þess vegna er lögð áhersla á, að örva og æfa alla þessa þætti. Samskipti við annað fólk er undirstaða þess að afla sér reynslu í að skilja orð.

Hvað söngproskann varðar, er aldurinn eins árs til fimm ára mikið næmiskeið barna. *Söngur* skiptir miklu máli, einnig fyrir málþroska barna. Sungin kvæði og að fara með þulur, eykur tilfinningu fyrir fjölbreytileika málsins, þjálfar framburð og styrkir tilfinningu fyrir formi og hjómfalli málsins. Færni barna í að geta rímað á unga aldri hefur fylgni við síðari lestrartileinkun.

Að taka barn í fang sér með bók fyrir framan sig, gefur barninu tækifæri til að skynja hljóðin í orðunum og hljómfall orðanna betur. Ef notaður er fingur til að fylgja textanum eftir, horfir barnið á hvernig er farið yfir línurnar í ákveðinni röð og áttar sig smátt og smátt á lesátt; að lesið er frá vinstri til hægri og niður síðuna. Þau læra að tákni og stafir hafa merkingu og standa fyrir atburði. Ef myndir eru í bókinni, tengir barnið orð, setningar og myndir og leggur þau á minnið. Með því *að lesa fyrir börn* og tala um efnið eykst orðaforði og skilningur á innihaldi textans. Lestur fyrir börn eflir hlustun og einbeitingu.

Bækur hafa sögulegt, menningarlegt og listrænt gildi. Þær hafa einnig fræðslu-, skemmti- og uppeldisgildi. Bókmenntir eru þess vegna mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Bækur þurfa að verða aðgengilegar. Daglegar skipulagðar lestrar- og bókastundir þurfa þess vegna að eiga sér stað. Börnin fá tækifæri sjálf, til að skoða og fletta bókunum, auk þess sem fullorðnir lesa fyrir börnin. Gefist hefur vel að lesa fyrir börnin í hvíldarstund eftir aðalmáltíð. Velja þarf efni til lesturs með tilliti til gæða texta og vandaðs málfars.

Ævintýri getur verið aðgengilegt skáldskaparform til að taka fyrir sem kennsluáðferð í sambandi við málrækt og læsi. Sagan er í rétttri tímaröð. Í ævintýrum er oft ákveðið mynstur. Talan þrír kemur við sögu sem lykiltala í mörgum ævintýrum: ákveðinn atburður er endurtekinn þrisvar sinnum, þrjár þrautir þarf að leysa (t.d. sagan af Búkollu). Í ævintýrum er oft fast mótað orðalag: "Karl og kerling í koti sínu. Einu sinni var." o.s.frv. Aðalpersónan stendur frammi fyrir hættum og erfiðleikum sem þarf að sigrast á, þrautum sem þarf að

leysa. Að lokum eru sigurlaun í boði. Viðfangsefnið ævintýranna er baráttan milli góðs og ills. Ævintýrin enda oftast vel.

Þjóðsagnagerðin getur þjónað fleiri en einum tilgangi. Í fyrsta lagi á sagan að vera skemmtileg. Að baki getur legið dýpri skilningur eða reynsla. Ævintýrum er einnig ætlað að varðveita menningu í samfélögum. Sagan réttlætir ákveðnar aðgerðir, boð eða bönn. Í henni kemur skýrt fram hvað telst rétt eða rangt, gott eða vont. Ævintýrið styður lífilmagnann. Ef til vill eru ævintýrin ekki eingöngu skáldskapur og vitleysa. Í þeim felst nokkur sannleikur um hvað það er að vera manneskja, um lífið og dauðann.

Læsi og samskipti yngri	
Proskapættir	Málproski, vitsmunaproski, félagsproski, fagurproski, líkams- og hreyfiproski.
Hæfnipættir	Hæfni til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur. Leikni og lipurð með texta og tungumál.
Markmið	Að börnin auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum. Eigi virk jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng. Fá tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru.
Leiðir	
Leikur	Aðgangur að bókum og texta er aðgengilegur börnunum. Nöfn barnanna eru á stólum. Stafrófið og ýmis form hanga á veggjum. Orð eru sett á athafnir og hugtök æfð í leiknum. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna.
Líkamleg umhirða	Starfsmenn tala við börnin við bleyjuskipti og aðra líkamlega umhirðu. Setja orð á líkamshlutana og allar athafnir, tala sig í gegnum verkin.
Útivera/vettvangsferðir	Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. Orð eru sett á athafnir. Rætt er um veðrið, klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu. Byggt er á jákvæðum samskiptum og samvinnu í fataklefa.
Samverustundir - hópastarf	Börnin vinna saman að verkefnum sem hvetja til samskipta. Þau hlusta á sögur, rím, þulur og syngja með eftir getu. Unnið er með hlustun og börnin fara eftir munnlegum fyrirmælum. Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur börnunum.
Matartími	Í Matartíminn gefst tími til samræðna um matinn og almenn viðfangsefni. Orð eru sett á athafnir.

Svefn/hvöld	Börnin hlusta á rólega tónlist, eða sögur.
Mat	<p>SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í HNOTSKURN, Verkfærakista hugmynda, skráningarlisti á mál- og félagsþroska 1-5 ára barna notaður með snemmtæka íhlutun í huga.</p> <p>MIO, Athugun á stærðfræðiskilningi 2-5 ára barna</p> <p>Uppeldisfræðilegar skráningar, örsögur. :1) Skrá og lýsa (huglægt mat), 2) Ígrunda og ræða milli kennara, 3) Greina og miðla</p> <p>Leitast er við að draga fram styrkleika barnsins, en einnig veita veikleikum þess eftirtekt svo hægt sé að efla barnið á þeim sviðum.</p>

Læsi og samskipti eldri	
Þroskapættir	Málþroski, vitsmunaproski, félagsþroski, fagurþroski, líkams- og hreyfingþroski.
Hæfnipættir	Hæfni til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur. Leikni og lipurð með texta og tungumál.
Markmið	Að börnin noti málið til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu. Þau hlusta á íslenska tungu í máli og riti. Börnin kynnist rituðu máli við margvíslegar aðstæður og öðlist skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu. Að þau auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Börnin noti málið til að afla sér þekkingar. Þau kynnist því að það finnist mismunandi tungumál og þróa jákvætt viðhorf til margbreytileikans í þeim efnum.
Leiðir	
Leikur	Aðgangur að bókum, texta og bókstöfum sem leikefni er greiður. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna og hvatt til samvinnu. Leikefni sem stuðlar að og hvetur til læsis er fjölbreytt. Orð eru sett á athafnir og hugtök og orð æfð í leiknum.
Hópvinna/samvinna	Unnið er saman að verkefnum sem hvetja til samskipta og vináttu. Börnin fást við sögugerð, frásögn. Þau taka þátt í og skapa leikrit. Unnið er með munnleg fyrirmæli. Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur börnunum. Unnið er með greiningu texta, leikið með orð (rím, samstöfur o.fl.) og hlustun. Lesnar bækur og unnið með innihald þeirra.
Líkamleg umhirða	Starfsmenn ræða líkamlega umhirðu, hreinlæti og heilbrigði og setja orð á athafnir.
Útivera/vettvangsferðir	Rætt um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar o.fl. Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags.

Samverustundir	Börnin hlusta á sögur með eða án mynda. Þau læra þulur, og ríma. Unnið er með frásögn og framburð. Börnin kynnst ólíkum tungumálum. Þau læra krefjandi söngtexta, þulur, ljóð og þjóðsögur. Börnin vinna með texta á mismunandi hátt, greina texta í sönglögum.
Matartími	Matartíminn er róleg og notaleg stund. Þar gefst góður tími til samræðna um næringu og almenn viðfangsefni. Stuðst er við lesmál er tengist matseðli, þjónum o.p.h. og það er sýnilegt börnunum. Orð eru sett á athafnir.
Hvíld	Börnin hlusta á framhaldssögur, leikrit eða rólega tónlist.
Mat	Hljóm-2 mat á hljóðkerfis- og hljóðavitund er lagt fyrir börn á seinasta ári leikskólaskólagöngu þeirra. SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í HNOTSKURN, Verkfærakista hugmynda, skráningarlisti á mál og félagsþroska 1-5 ára barna, notaður með snemmtæka íhlutun í huga. MIO, athugun á stærðfræðiskilningi 2-5 ára barna Uppeldisfræðilegar skráningar, örsögur: 1) Skrá og lýsa 2) Ígrunda og ræða milli kennara 3) Greina og miðla til foreldra, samtal með foreldrum. Leitast er við að draga fram styrkleika barnsins í örsögum, en einnig veita veikleikum þess eftirtekt svo hægt væri að efla barnið á þeim sviðum.

Sjálfbærni og vísindi

Samkvæmt aðalnámskrá (2011) á í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,
- margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- nýtingu náttúrunnar,
- upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga,
- stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- rými, fjarlægðum og áttum.

Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt, er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla.

Þetta markmið er mikilvægt fyrir börnin vegna þess að lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því manninum lífsnauðsynleg. Með því að kynnast nánasta umhverfi og því samfélagi sem barnið lifir í, lærir það einnig að þekkja menningu þess svæðis sem það býr við.

Í vettvangsferðum skoðum við og lærum að þekkja spor í snjó og mold og í hvaða átt dýrin hafa farið, dýr eins og rjúpur, mýs, hestar, kettir, hundar, tófur og kindur. Börnin hafa tækifæri til upplifa nokkuð fjölbreytt fuglalíf. Þar má nefna m.a. hrossagauk, hrafn, skógarpröst, snjóttilling/sólskríkju, þúfutittling, músarrindill, stelk, heiðlóu, grágæs og rjúpu. Börnin virða fyrir sér ýmsar plöntur, tína bláber, hrútaber og önnur ber, og njóta.

Í gönguferðum, útivist og leikjum í náttúruumhverfi skólans er athugað hvernig veðurfar og árstíðir hafa áhrif á líf plantna og dýra. Fyrirbæri eins og vatn, snjór og ís eru nærtæk efni, þar sem eiginleikar efnis eru skoðaðir. Hlutverk hinna fullorðnu er að spyrja börnin opinna spurninga, auka forvitni þeirra og láta börnin leita lausna.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er fjallað um að hugtakið sjálfbærni sé jafnvægisástand og ferli sem felst í breytingum til jafnaðar í víðari skilningi sem varðar náttúruna, samfélagið, menninguna og einstaklinginn.

”Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf.”

<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>

Maðurinn er hluti af vistkerfi jarðarinnar og fer mannfjöldi ört vaxandi. Súrefni, sól, plöntur og hreint vatn er forsenda fyrir líf á jörðu. Svæði þar sem t.d. trjám fækkar, skógrækt minnkar, losun koltvísýrings eykst af mannavöldum, eykur hættu á hækkandi hitastig og minnkandi ósonlagi. Eyðimerkurmyndun er stækkandi vandamál á heimsvísu. Hér á landi eru bæði þekking og reynsla fyrir hendi til að finna leiðir sem getur gert landið grænna. Þekkingaleysi er mjög varhugavert í umgengni við landið. Þenda á að atriði sem þau geta gert til að bæta umhverfið. Margt smátt gerir eitt stórt.

Kenna þarf börnum að lesa náttúruna, þekkja sár í gróðrinum og spyrja; hvað er til ráða, hvað getum við gert? Stundum valda náttúruöflin spjöllum á umhverfinu með t.d. sandfoki, flóðum, jarðskjálfta eða gosi. Hvað með rusl sem verður á vegi okkar í vettvangsferðum? Við tökum það með og ruslið er flokkað og skilað á viðeigandi stað. Leikskólar eru skilgreindir sem fyrsta skólastig á Íslandi. Ábyrgð starfsfólks á því er mikilvæg, t.d. að vera fyrirmynd barna í samtölum og fræðslu, kenna nemendum að ganga vel um náttúruna, kenna þeim að meta og þykja vænt um hana. Kenna þarf börnum að ganga vel um eigur sínar og annara, nýta og endurnýta, bæta og gera við.

Hinn félagslegi leikur barna er leið þeirra til að læra. Leikurinn fer fram í skólastofum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla og utandyra í hinu magnaða náttúruumhverfi skólans.

Hlutverk starfsmanna leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni, fyrir sjálfum sér og fyrir náunganum. Sums staðar er rík hefð fyrir samstarfi við bændur og ræktendur í nærumhverfi um að afla hráefni til matargerðar í skóla sveitarfélagsins. Einnig eru hugmyndir uppi um að skoða möguleika til að draga úr innkaupum matvæla sem eru flutt um langan veg og skila þannig eftir sig vistspor. Vistspor er mælikvarði á hvað maðurinn notar frá náttúrunni og losar sig við, eins og rusl, mengun og hversu mikið er gengið á náttúruna.

Hugmyndafræðin á bak við hugtakið sjálfbærni samanstendur af mörgum þáttum sem skiptast í þrjá meginflokkka: það er hinn umhverfislega, félagslega og hagræna.

Sjálfbærni og vísindi yngri	
Þroskapættir	Vitsmunapróski, hreyfiþroski og fagurþroski.
Hæfnipættir	Hæfni til að greina og meta það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum o.fl. Hæfni til rökhugsunar, leikni með tölur og magn.
Markmið	Að börnin fái fullnægt hreyfiþörf sinni í öruggu umhverfi leikskólans og efli með því hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu. Þau þrói með sér jákvæða líkamsvitund og eigi kost á alhliða hreyfingu. Að börnin fái tækifæri til að reyna á sig og slaka á. Að þau finni til öryggis í umhverfi sínu og upplifi gleði og vellíðan.
Leiðir	
Leikur	Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma. Form eru sýnileg í umhverfinu og kubbar eru hluti af leikefninu.
Líkamleg umhirða	Börnin þvo sér eftir getu eftir útiveru og fyrir máltíðir. Fingur og tær taldar eða annað í umhverfinu sem börnin veita eftirtekt.
Útivera/vettvangsferðir	Að fara í vettvangsferðir á öllum árstímum og nota mismunandi veður til gönguferða. Athygli er vakin á umhverfinu, t.d. dýrum og plöntum í náttúrunni. Börnin fara daglega í útiveru í flestum veðrum. Vakinn er athygli á formum og fjölda í umhverfinu. Farnar eru vettvangsferðir í nærumhverfinu. Að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri sem þau mæta og upplifa í vettvangsferðum. Skoða og ræða um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr. Kenna börnum að tína rusl og flokka. Afla efniviðar í vettvangsferðum sem er svo nýttur í t.d. myndsköpun.
Samverustundir - hópastarf	Börnin vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki. Áhersla er á endurvinnslu og sjálfbærni á deildinni og börnin taka þátt í því. Börnin taka þátt í ræktun að vori og uppskeru að hausti. Farið er í

	<p>þrautaleiki þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun. Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar og gróður. Syngja með börnunum ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna. Börnin teikna myndir úr ferðunum (myndsköpun). Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum (þannig þróast skilningur)</p>
Matartími	<p>Rætt er um hvaðan maturinn kemur og hvað hann gerir fyrir okkur. Börnin fá að borða utandyra þegar tækifæri gefst til. Það er saman eitt barn – eitt glas og þar fram eftir götunum.</p>
Svefn/hvöld	<p>Börnin hlusta á umhverfishljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist.</p>
Mat	<p>Megindlegt mat Geta greint og sagt frá ýmsar plöntu- og dýraheiti, spor í mold og snjó (eftir kindum, hestum, mýs, fuglum)</p> <p>Eigindlegt mat T.d. Þegar barnið velur frekar að fara í vettvangsferðum en að vera á leikskólavellinum, sýnir forvitni þegar bent er á ýmis spor í náttúrunni, spyr að eigin frumkvæði um plöntuheiti, bendir á rusl</p> <p>Markvissar samræður við börnin, einslega og/eða í hóp</p> <p>Ljósmyndir teknar. Fylgjast með hvernig börnin upplifa náttúruna.</p> <p>Ýmis hjálpargögn útbúin vegna mats, s.s. veðurkerfi, flokkunarkerfi og fleira.</p> <p>Foreldrar beðnir um upplýsingar að heiman, hvort fræðslan skili sér til barnanna. Kennarar halda skráningar um það.</p>

Sjálfbærni og vísindi eldri	
Þroskapættir	Vitsmunaproski, hreyfiþroski og fagurþroski.
Hæfnipættir	Hæfni til að greina og meta það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum o.fl. Hæfni til rökhugsunar, leikni með tölur og magn.
Markmið	Að börnin kynnist fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru. Þau kynnist lífríki í nánasta umhverfi og tengi það árstíðunum. Börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt að virðingu. Þau upplifi sjálfbærni sem hluta af skólastarfinu. Börnin kynnist mismunandi eiginleikum efna og hluta. Þau læri að nota ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir.

Leiðir	
Leikur	Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma. Form og stærðfræðileg tákni eru sýnileg í umhverfinu. Börnin eru kynnt fyrir stærðfræðilegum hugtökum og leikefni þar sem unnið er með magn og mælingar. Kubbar eru hluti af leikefninu. Unnið er með einfaldar tilraunir, t.d. ljós og skugga.
Hópvinna/ samvinna	Börninn vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki. Áhersla er á endurvinnslu og sjálfbærni á deildinni. Farið er í þrautaleiki þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun.
Líkamleg umhirða	Rætt er um pappírs- og sápunotkun. Fræðsla tengd vatni.
Útivera/ vettvangsferðir	Að fara í vettvangsferðir á öllum árstímum og nota mismunandi veður til gönguferða. Að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri sem þau mæta og upplifa í vettvangsferðum. Skoða og ræða um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr. Kenna börnum að tína rusl og flokka Afla efniviðar í vettvangsferðum sem er svo nýttur í t.d. Myndsköpun. Athygli er vakin á dýrum og plöntum í náttúrunni og verkefni unnin út frá upplifun úr vettvangsferðum. Fjallað er um og veitt athygli á formum og magnhugtökum í umhverfinu
Samverustundir	Rætt er um veðrið, árstíðir, dagatalið, klukkuna, tímann, tölur og stærðfræðihugtök. Börnin fræðast um dýr og plöntur. Unnið með heimspeki, vísindi og rökhugsun. Börnin teikna myndir úr ferðunum (myndsköpun). Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum (þannig þróast skilningur). Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar og gróður. Syngja með börnunum ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna
Matartími	Umræða um fjölbreytt fæði, hvaðan fæðan kemur og hvað hún gerir fyrir okkur. Börnin fræðast um flokkun, endurvinnslu og moltugerð.
Svefn/hvíld	Börninn hlusta á umhverfishljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist.
Mat	Megindlegt mat Geta greint og sagt frá ýmsar plöntu- og dýraheiti, spor í mold og snjó (eftir kindum, hestum, mýs, fuglum) Eigindlegt mat T.d. Þegar barnið velur frekar að fara í vettvangsferðum en að vera á leikskólavellinum, sýnir forvitni þegar bent er á ýmis spor í náttúrunni, spyr að eigin frumkvæði um plöntuheiti, bendir á rusl Markvissar samræður við börnin, einslega og/eða í hóp. Niðurstöður skráðar í upphafi og lok vetrarstarfs.

	<p>Gátlistar/matsblöð sem meta getu og þekkingu barnanna á sjálfbærni og vísindum útbúnir. Notaðir fyrir og eftir innlögn efnis.</p> <p>Rýnihópar, umræður um sjálfbærni, umhverfisvernd og vísindi.</p> <p>Hugtakakort í byrjun starfs og svo aftur þegar unnið hefur verið með ákveðið þema einhvern tíma.</p> <p>Ljósmynda- og myndbandaskráningar. Fylgjast með hvernig börnin upplifa náttúruna.</p> <p>Ýmis hjálpargögn útbúin vegna mats, s.s. veðurkerfi, flokkunarkerfi og fleira.</p> <p>Foreldrar beðnir um upplýsingar að heiman, hvort fræðslan skili sér til barnanna. Kennarar halda skráningar um það.</p>
--	--

Heilbrigði og vellíðan

Samkvæmt aðalnámskrá (2011) ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- umhyggju,
- persónulega umhirðu,
- holla næringu,
- fjölbreytta hreyfingu,
- ögrandi og krefjandi útivist,
- slökun og hvíld,
- tilfinningalegt jafnvægi,
- jákvæð samskipti,
- félagsleg tengsl.

Áhersla er lögð á útivist og hreyfingu í leikskólastarfinu, samanber eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla: **Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar.** Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 bendir á, að heilbrigði byggist á félagslegri, andlegri og líkamlegri vellíðan.

Útivistartímar og frjálsir leikir eru fastir liðir í dagskipulagi leikskóladeildarinnar, ásamt tíðum gönguferðum, nema óveður sé. Hreyfing eflir hugann, stuðlar óbeint að andlegri og félagslegri vellíðan. Elstu börn leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla og yngri deild grunnskólabarna hafa vikulega íþróttatíma undir stjórn iðjubjálfa og íþróttaleiðbeinanda. Hreyfiverkefni sem börnin leysa, eru gerð með leik og leikrænni tjáningu. Börnin læra m.a. að fylgja fyrirmælum, hlusta, þau eru þjálfuð í að skilja og hlíta þeim reglum sem gilda í þessum stundum. Hluta af íþróttatímanum er einnig varið í hinn frjálsa félagslega leik barna.

Vegna þess hve líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess og trú á eigin getu, tekur starfið í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla mið af heilbrigði og vellíðan sérhvers barns. Ásamt þáttum eins og hreyfingu, eru slökun og hvíld einnig nauðsynleg. Hvíldarstund nemenda er hluti af

dagskipulagi leikskóladeildarinnar. Holl fæða og reglulegar máltíðir stuðla jafnframt að líkamlegri og andlegri vellíðan. Í þessu sambandi má benda á matseðil mótuneytis Öxarfjarðarskóla sem unninn er í samvinnu við Lýðheilsustöð. Viðbættur sykur er tekinn úr fæðuúrvali barna leikskóladeildar.

Heilbrigði og vellíðan yngri	
Proskapættir	Líkams- og hreyfiproski, vitsmunaproski og félagsproski.
Hæfnipættir	Hæfni til að vinna með líkamann og hugann. Hreyfigeta og færni til líkamstjáningar og íþróttaiðkunar.
Markmið	Að börnin upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru. Að þau kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi sínu og umgangist náttúruna af virðingu. Hafi frjálsan aðgang að fjölbreyttum efniviði og áhöldum. Upplifi sjálfsbær vinnubrögð skólans.
Leiðir	
Leikur	Börnin upplifa öryggi í leikskólanum. Þau hafa aðgang að krefjandi hreyfisvæðum úti og inni. Farið er í leiki bæði frjálsta og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samskipti.
Líkamleg umhirða	Börnin fá ráðrúm til sjálfshjálpar, t.d. að klæða sig sjálf og þvo sér.
Útivera/vettvangsferðir	Börnin fá tækifæri til að spreyta sig í sjálfshjálpar fyrir og eftir útivist. Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og aðgengi að leikefni á útisvæði er fjölbreytt.
Samverustundir - hópastarf	Börnin taka þátt í hreyfileikjum, dansi og hringleikjum þar sem reynir á líkamann. Börnin koma sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á í upphafi samverustunda. Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhyfingar.
Matartími	Börnin nota hnífapör og hvatt er til sjálfshjálpar eins og þroski og geta gefa tækifæri til. Börnin fá góðan tíma til að matast í rólegu umhverfi. Þau aðstoða við að leggja á borð og ganga frá. Áhersla er á góða borðsiði.
Svefn/hvöld	Hvöldartíminn er róleg og notaleg stund þar sem börnin ná að hvílast og finna að þau eru örugg.
Mat	Skráningar: myndbönd, ljósmyndir, skriflegar skráningar, námssöguskráningar, skráningar byggðar á verkum barnanna. Samtöl/samræður meðal barnanna. Fá þau til segja frá um upplifun sinni á því sem fram fer í skólanum og/eða hvað þau vilji læra í skólanum.

	Rýnihópar meðal barnanna. Rýnihóparnir geta komið sér saman um hvernig eigi að útfæra ákveðin verkefni. Lausnaleit meðal barnanna á hinum ýmsu málum.
--	--

Heilbrigði og vellíðan eldri	
Proskapættir	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmunaproski og félagsproski.
Hæfnipættir	Hæfni til að vinna með líkamann og hugann. Hreyfigeta og færni til líkamstjáningar og íþróttaiðkunar.
Markmið	Að börnin eigi kost á alhliða hreyfingu sem fullnægir hreyfiþörf, eflir hreyfigetu og samhæfingu hreyfinga. Þau reyni á sig og slaki á. Þau þrói með sér jákvæða líkamsvitund. Börnin verði sem mest sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs. Þau tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.
Leiðir	
Leikur	Börnin hafa aðgang að krefjandi hreyfivæðum úti og inni. Farið er í leiki bæði frjálsa og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samvinnu. Unnið er með slökun og líkamlega og andlega vellíðan.
Hópvinna/ samvinna	Börnin taka þátt í hreyfileikjum, dansi, jóga og hringleikjum þar sem reynir á líkamann. Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhreyfingar.
Líkamleg umhirða	Börnin eru frædd um gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýkingavarna.
Útivera/ vettvangsferðir	Börnin klæða sig sjálf í og úr fyrir útivist og fá tækifæri til að æfa flóknari færni. Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður.
Samverustundir	Börnin fara í leiki sem bjóða bæði upp á fín- og grófhreyfingar. Í upphafi stundar koma börnin sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á.
Matartími	Börnin nota hnífapör, smyrja og skammta sér sjálf og hella í glas. Rætt er um mismunandi fæðutegundir og hollustu. Matartíminn er róleg stund sem byggir undir vellíðan. Áhersla er á góða borðsiði, tillitsemi, hjálpssemi og samvinnu.
Svefn/hvíld	Börnin taka þátt í slökun/nuddi. Þau upplifa vellíðan með vinum sínum.
Mat	Skráningar: ljósmyndir, skriflegar skráningar, námssöguskráningar, skráningar byggðar á verkum barnanna.

	<p>Samtöl/samræður meðal barnanna. Fá þau til segja frá um upplifun sinni á því sem fram fer í skólanum og/eða hvað þau vilji læra í skólanum.</p> <p>Rýnihópar meðal barnanna. Rýnihóparnir geta komið sér saman um hvernig eigi að útfæra ákveðin verkefni.</p> <p>Lausnaleit meðal barnanna á hinum ýmsu málum.</p>
--	--

Sköpun og menning

Samkvæmt aðalnámskrá (2011) á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista

Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 fjallar um nám sem breytingu: *Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja.* Með öðrum orðum, að byggja ofan á þekkingu og mynda þannig nýja. Starfsfólki leikskóladeildarinnar ber að hafa í huga nauðsyn barna að eiga leikfélaga til að deila og skapa reynslu með og styðja þau í því samhengi.

Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leik barna. Leikurinn felur í sér nám og af leik sprettur ný þekking, nýjar athafnir, leikni og tilfinningar. Í leik þjálfar barnið upp færni og hæfni, sem það þarf á að halda, þegar það verður fullorðið. Hlutverk starfsmanna í leik barna er að fylgjast vel með leiknum og vera reiðubúnir að örva eða taka þátt í leiknum á forsendum barna. **Að efla félagsfærni barnanna**, sem er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla.

Hópastarf, þar sem myndlist, málrækt, söngur og lestur/læsi eru viðfangsefnin, geta verið vettvangur uppgötvunar og sköpunar, sem leikskóladeild Öxarfjarðarskóla leggur rækt við. Lögð er áhersla á, að börnin læri texta og taki þátt í söng. Þau kynnast bókmenntum, þulum, ljóðum, sögum og ævintýrum. Talið er, að börn hafi meðfædda hæfileika til þess að skilja innihald sagna út frá tilfinningum sínum. Tröll, nornir og önnur fyrirbæri eru myndmál og hluti af draumaveröld þeirra fyrstu sjö árin. Þjóðsögur eru upprunalega frá löngu gleymdri fortíð, þar sem við sækjum siðferðislega krafta okkar í myndmál sem flestir skilja, til þess að breyta rétt í baráttunni á milli hins góða og illa. Í öllum menningarheimum finnast þjóðsögur sem

hafa sömu tengsl frá sameiginlegri fortíð. Því eru þjóðsögurnar mikilvægar í barnauppleldi nútímans. Börnin skapa síðan og tjá upplifun sína í myndlist og leikjum.

Í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla hefur einnig verið unnið með skuggaleikhús. Leikur með skuggabrúður getur stuðlað að skapandi hugsun og styrkt ímyndunarafli ungra barna, hjálpað þeim að halda athygli og yfirvinna feimni. Skuggaleikhús tengir saman margar listgreinar; myndlist, tónlist, leiklist og framsögn.

Tíðar leikstundir og gönguferðir í náttúru umhverfis skólann ásamt vikulegum íþróttatímum í íþróttahúsi, gefa börnunum tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru. Einnig er þetta kjörið tækifæri til að kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. *Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt* er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla.

Hópastarf og leikir stuðla að samvinnu barna og auka samheldni þeirra og ábyrgðarkennd. Í samskiptum við aðra eykst félagslegur þroski. Börnin læra samskiptareglur, að virða rétt annarra og að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum. Í hópastarfi og leikjum skapast vettvangur, þar sem leggja má áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag, eins Aðalnámskrá leikskóla 2011 kveður á um.

Í vikulegum myndmenntatímum kynnast börnin hvernig er að fara eftir fyrirmælum, fyrirmyndum og skapa sjálf út frá sínum hugmyndum. Þau læra að vinna með liti og málningu, nota til þess bæði pensla og fingur/, fingramálningu. Þau nota skæri og lím. Stundum er unnið með hráefni úr náttúrunni svo sem greinar, köngla og laufblöð. Unnið er með mismunandi form: fer- og þríhyrninga, hringi. Börnin þurfa að taka þátt í frágangi í lok tímans. Afraksturinn/ listaverkin eru hengd upp til sýnis á leikskóladeildinni, í matsal þar sem grunnskólanemendur og starfsfólk geta skoðað þau, einnig á veggjum á "leikskólagangi" þar sem foreldrar geta skoðað, þegar þau sækja börnin.

Sköpun og menning yngri	
Þroskapættir	Fagurþroski, hreyfiþroski, tilfinningaþroski, líkams- og hreyfiþroski.
Hæfnipættir	Hæfni til sjón-, heyrnar- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögun og formum. Hæfni til að vinna með, meta og skapa tónlist.
Markmið	Að börnin fái virkjað sköpunarkraft sinn og fái tækifæri til að vinna með og kynnast fjölbreyttum efniviði og áhöldum til tjáningar. Þau upplifi að borin er virðing fyrir verkum þeirra og þau beri virðingu fyrir verkum annarra. Börnin fái tækifæri til að tjá sig um verk sín. Þroski með sér frumkvæði, frjálssa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist myndlist og öðru skapandi starfi.

Leiðir	
Leikur	Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar. Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálsan leik, t.d. könnunarleik. Fjölbreytt tónlist er spiluð á deildinni og börnin hafa aðgang að hljóðgjöfum. Skapandi umhverfi er úti sem inni.
Líkamleg umhirða	Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun. Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun.
Útivera/vettvangsferðir	Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efnivið í útivist. Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp í fjölbreytta upplifun t.d. fjöruferðir, á listasýningar, bókasafnið og annað.
Samverustundir - hópastarf	Skapandi og fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur í hópastarfi. Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög og texta. Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans eða á annan hátt. Verk barnanna eru sýnileg á deildinni og þau fá tækifæri til að sýna og segja foreldrum sínum frá því sem þau hafa gert.
Matartími	Matur er fallega fram borinn. Börnin kynnast ólíkum matarhefðum sem og mat frá öðrum löndum.
Svefn/hvíld	Hlustað er á þögnina, rólega tónlist eða annað sem verkar róandi á barnið.
Mat	Fullorðnir hafa frumkvæði af skráningu, en börnin eru virk í skráningarferlinu sem unnið verður með t.d. myndaskráningum, skriflegum skráningum og samtölum

Sköpun og menning eldri	
Þroskapættir	Fagurþroski, hreyfiþroski, tilfinningaþroski, líkams- og hreyfiþroski.
Hæfnipættir	Hæfni til sjón-, heyrnar- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögun og formum. Hæfni til að vinna með, meta og skapa tónlist.
Markmið	Að börnin vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið og kynnist ýmsum áhöldum. Þau tjái hugmyndir sínar og skapi út frá eigin upplifunum, t.d. í myndlist, tónlist, leiklist og upplýsingatækni. Þau vandi verk sín, fullvinni þau og gangi frá eftir sig. Börnin þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda. Þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim. Þau læri að vinna í hóp að sameiginlegu markmiði.

Leiðir	
Leikur	Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar. Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálsan leik. Fjölbreytt tónlist er spiluð á deildinni og börnin hafa aðgang að hljóðgjöfum. Skapandi umhverfi er úti sem inni. Lagt er upp úr jákvæðu hugarfari og gleði í leiknum.
Hópvinna/ samvinna	Börnin vinna saman að listsköpun á fjölbreyttan hátt, s.s. myndlist, tónlist eða í annarri tjáningu. Þau fá tækifæri til að skrá, flytja, ræða eða sýna verk sín. Í hópstarfi er til dæmis unnin þemavinna þar sem börnin vinna með viðfangsefnið bæði í einstaklings- eða hóp verkefnum.
Líkamleg umhirða	Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun. Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun.
Útivera/ vettvangsferðir	Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efnivið í útivist. Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp í fjölbreytta upplifun t.d. fjöruferðir, á listasýningar, bókasafnið og annað.
Samverustundir	Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög og texta. Þau skoða listaverkabækur og myndskreytingar í bókum.
Matartími	Matur er fallega fram borinn. Kynntar eru gamlar og nýjar matarhefðir sem og hefðir frá öðrum löndum.
Svefn/hvöld	Mismunandi hlustun er í boði; sögur, leikrit, róandi tónlist ofl. Slökun, loka augunum og ímynda sér.
Mat	Fullorðnir hafa frumkvæði af skráningu, en börnin eru virk í skráningarferlinu sem unnið verður með t.d. myndaskráningum, skriflegum skráningum og samtölum

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Karlsdóttir. Námssögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://ojs.hi.is/netla/article/view/2413/1298>

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir, Sara Tosti. 2021. *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkferakista hugmynda* (bls. 17-28) Reykjavík: Héraðsprent.

Embætti landlæknis. *Hreyfing barna*. (bls. 3). Sótt af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24370/Hreyfing%20barna.pdf>

Linda R. Jóhannsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir „*Þetta þarf að virka hratt og örugglega*“ : *Áskorarnir við að þróa aðferðir sem meta nám og vellíðan barna í leikskóla* Ritrynd grein birt 15. mars 2020. Vefslóð:

https://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/04.pdf

Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. *Námssögur Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla* Ritrynd grein birt 31. desember 2015. Vefslóð: <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>

Verkferakista frá Vöndu Sigurgeirsdóttur „Forvarnir og samskipti“ námskeið haldið á Húsavík 1. mars 2018.

Öxarfjarðarskóli júní 2022